

Námsáætlun - Vor 2025
Franska 6.bekkur - VAL (FRAN2VA05)
Frönsk menning og kvikmyndir



Kennslugögn

- Fjölritað efni frá kennara
- Léttlestrarbók: Christian Lause : **24 heures à Paris**, Edition Maison Des Langues
- Efni af Internetinu, lög og lagatextar, fréttatengt efni, blaðgreinar, stuttmyndir, sjónvarpsþættir, kvikmyndir o.fl.
- Mappa / möppur til að safna í efni og skriflegum verkefnum.
- Stílabók.
- Fra/ísl og ísl/fra orðabækur (ókeypis á netinu) :
 - Snara: <https://snara.is/>
 - Lexía : <https://lexia.hi.is/is/> (íslensk / frönsk)

Aðal viðfangsefni áfangans er París. Mun námsefnið á árinu tengjast borginni, sögu hennar, menningu, listum og daglegu lífi í frönskumælandi landi. Nemendur munu vinna með ýmskonar efni tengt borginni, texta, léttlestrarbók, stuttmyndir og kvikmyndir, lagatexta og fleira. Sérstök áhersla verður lögð á að æfa tal og samskipti við mismunandi aðstæður. Til að þjálfa þessi atriði munu nemendur vinna margskonar samtalsverkefni. Þeir munu einnig halda kynningar á íslensku um ýmislegt sem tengist borginni.

Á vormisseri munu nemendur og kennarar fara í nokkurra daga ferð til Parísar. Þar verður farið í skoðunarferðir, nemendur kynna lífinu í borginni, samgöngukerfinu og afla sér efnis sem nýtt verður í lokaverkefni áfangans.

Eftir heimkomu munu nemendur vinna að lokaverkefninu og halda kynningar byggða á reynslu sinn af ferðinni. Skylduþátttaka er í ferðina.

Athugið að áfanginn er þriggja eininga. Tveir tímar eru í töflu, þriðji tíminn er ætlaður í ferðina til Parísar.

Námsmat

Námsmatið er símat sem byggir á skilaverkefnum, frammistöðu og þáttöku nemenda í tímum, hóp- og einstaklingsverkefnum, fyrir, í og eftir ferð og stóru lokaverkefni. Öll verkefni gilda til lokaeinkunnar. Einkunnir og umsagnir verða gefnar fyrir verkefni, en lokaeinkunn verður í formi stafsins „M“, sem þýðir staðist. Einnig er farið fram á fulla mætingu og hefur hún áhrif á lokamat. Ef nemandi skilar ekki verkefnum, tekur ekki þátt og mætir illa, getur hann átt á hættu að standast ekki áfangann.

Vika	Yfirferð	Heimavinna, verkefni og próf
1. 8.1	Fyrirheit, konungskaka og spilatími	
2. 15	Draumadagskráin mín í París Hvað finnst fólki fyrir utan Evrópu um Frakka?	
3. 22.1	Kynningar um París á íslensku	Kynningar um París
4. 29.1	Kynningar um París á íslensku	Kynningar um París
5. 5.2	Spilatími á frönsku	
6. 12.2	Saga Parísar	
7. 19.2	Bíómynd/Sjónvarpsþættir	
8. 26.2	Bíómynd/Sjónvarpsþættir	
9. 5.3	Rattleikur í miðbænum	
10. 12.3	Pakka niður á frönsku	
11. 17.3.-21.3.	Ferð í París	
12. 24.3.-28.3.	Samantekt og aðstoð við lokaverkefnið	
13. 31.3.-4.4.	Lokaverkefnið unnið í tölvuverinu	Skila lokaverkefni
14. 7.4.-11.4.	Pálínuborð og kveðjur	
15. 14.4.-18.4.	Páskafri	
16. 21.4.-25.4.	Enginn tími	
16. 28.4.-30.4.	Enginn tími	

Mikilvægt

- Ætlast er til að nemendur mæti ávallt stundvíslega og vel undirbúnir til kennslustundar.
- Síma- og snjalltækjanotkun er með öll stranglega bönnuð í kennslustund nema ef verið er að nota þau við verkefnavinnu.
- Hljóð- og myndupptökur eru með öllu bannaðar í kennslustund nema verið sé að vinna að verkefnum í tíma.
- Skili nemandi ekki verkefnum á tilsettum tíma hlýtur viðkomandi einkunnina 0.

Kennsluáætlun og námsmat eru gerð með fyrirvara um breytingar